

Reglur

um hátterni og samskipti í tengslum við samstarf um uppbyggingu háhraða farnetsþjónustu á stofnvegum

1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um samstarf og samskipti fyrirtækjanna Neyðarlínunnar ohf., Nova hf., Sýnar hf. Símans hf. og Öryggisfjarskipta ehf., við undirbúning, uppbyggingu og rekstur háhraða farnets á stofnvegum í þeim tilgangi að stuðla að hagkvæmum fjárfestingum og nýsköpun í nýjum og endurbættum grunnvirkjum með hliðsjón af e. lið 6. gr. laga um Fjarskiptastofu nr. 75/2021 og fyrirmælum Fjarskiptastofu þar að lútandi, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022.

Samstarfsverkefnið felst í því að byggja upp og samnýta rekstur háhraða farnets á tilteknum hlutum vegakerfisins samkvæmt skilyrðum sem Fjarskiptastofa (FST) setur um sértækar uppbyggingarkröfur, við endurnýjum tíðniheimilda fyrirtækjanna Nova hf., Sýnar hf. og Símans hf. á árinu 2023, sbr. og skilyrði í 700 MHz tíðniheimild Öryggisfjarskipta ehf. sem gefin var út 27. maí 2022, (hér eftir nefnt „verkefnið“). Um nánari lýsingar á skilyrðum um sértæka uppbyggingu vísast til ákvæða ofangreindra tíðniheimilda.

2. gr. Markmið

Markmið reglna þessara er að setja umgjörð um samskipti aðila skv. 1. gr. með það fyrir augum að koma í veg fyrir að svæðisskipting uppbyggingar og samnýting á sendum, skv. skilyrðum tíðniheimilda, hafi í för með sér röskun á samkeppni.

3. gr. Afmörkun verkefnis

Tilgangur með viðkomandi skilyrðum tíðniheimilda er að tryggja háhraða farnetsþjónustu á stofnvegum, sem verði aðgengileg öllum notendum, eins og því er nánar lýst í tíðniheimildum. Stefnt skal að því að þjónustan verði slitlaus, eftir því sem er tæknilega gerlegt, á þeim stofnvegum sem skilyrði tíðniheimilda tiltaka.

Aðilar sem reglur þessar taka til skulu takmarka samstarf sitt og upplýsingaskipti, í tengslum við uppbyggingu og starfrækslu háhraða farnets á stofnvegum, við þau atriði sem nauðsynleg eru til þess að uppfylla skilyrði fyrrgreindra tíðniheimilda. Skulu framangreindir aðilar tryggja að samstarfið einskorðist við þetta og feli ekki í sér neins konar samráð um aðra þætti, s.s. verð eða þjónustu til viðskiptavina eða aðrar viðkvæmar viðskiptaupplýsingar.

4. gr.
Tengiliðir og vinnuhópur

Aðilar skulu tilnefna fasta fulltrúa í vinnuhóp vegna verkefnisins. Hver aðili skal tilnefna einn fulltrúa í vinnuhópinn og einn til vara. Öllum fulltrúum, varafulltrúum og öðrum sem aðkomu eiga að samstarfinu fyrir hönd aðilanna skal skylt að kynna sér efni þessara reglna.

Fulltrúar skulu koma úr þeim deildum fyrirtækjanna, sem sjá um tæknimál, en ekki úr deildum sem hafa aðkomu að markaðs- og sölumálum. Öðrum einingum fyrirtækisins en þeim sem fara með tæknimál er óheimil aðkoma að verkefninu. Þó er stoðsviðum heimil aðkoma að verkefninu í málefnalegum tilgangi. Heimilt er að fulltrúi stoðsviðs sækji fund með föstum fulltrúa aðila, ef þess er þörf í málefnalegum tilgangi. Tilkynna skal með a.m.k. þriggja daga fyrirvara ef aðili telur þörf á að slíkur fulltrúi sitji fund.

Fulltrúi Neyðarlínunnar ohf. skal vera formaður hópsins og stýra starfi hans. Fulltrúi Neyðarlínunnar skal sitja alla fundi hópsins og vera upplýstur um öll samskipti milli aðila vegna verkefnisins.

Tilkynna skal til FST, hverjir eru skipaðir fulltrúar í vinnuhópinn.

5. gr.
Verklag

Við skipulagningu og skiptingu uppbyggingar milli aðila, skal Neyðarlínan ohf. koma með tillögur að skiptingu verkþátta á milli aðila. Miða skal við að skipting sendastaða/svæða stuðli að sem jafnastrí skiptingu kostnaðar, hagkvæmni við verkefnið í heild sinni og hafi ekki óæskileg áhrif á samkeppni.

Öðrum aðilum verkefnisins er heimilt að koma með tillögur um breytingar á tillögum Neyðarlínunnar, ef virt eru þau sjónarmið sem fram koma í 1. mgr.

Endanleg tilhögun skiptingar samkvæmt 1. mgr. er háð samþykki FST.

Nái aðilar ekki samkomulagi um skiptingu, getur hver þeirra vísað ágreiningi til FST, sbr. 11. gr.

6. gr.
Fundir

Vinnuhópur skv. 4. gr. skal halda fundi eins oft og með þarf vegna framkvæmdar verkefnisins. Að jafnaði skal gera ráð fyrir einum fundi í mánuði.

Neyðarlínan sér um að boða fundi og skulu fundir haldnir í húsnæði Neyðarlínunnar eftir því sem mögulegt er. Þjóða skal upp á möguleika á að sitja fund í gegnum fjarfundabúnað, ef viðkomandi fulltrúi getur ekki mætt á fundarstað.

Telji aðili að verkefninu sérstakt tilefni til að halda fund utan venjulegs fundartíma skal hann beina ósk um aukafund til Neyðarlínunnar og skal orðið við slíkri beiðni eftir því sem mögulegt er og þörf er talin á.

Halda skal fundargerðir á fundum sem haldnir eru vegna samstarfsins. Tilsjónarmaður skv. 9. gr. ritar fundargerð. Þá skal haldið til haga yfirliti yfir gögn sem lögð eru fram á fundum.

7. gr.
Samskipti aðila

Aðilar skulu leitast við að hafa samskipti vegna verkefnisins að mestu leyti innan funda vinnuhópsins.

Að því marki sem nauðsynlegt er að hafa samskipti vegna verkefnisins utan vinnufunda, skulu aðilar að meginstefnu leitast við að eiga samskipti með skriflegum hætti, s.s. með tölvupóstum. Sé það ekki unnt skulu viðkomandi fulltrúar, hver fyrir sig, halda skrá um efni þeirra samskipta sem eiga sér stað utan funda.

Nauðsynleg samskipti milli aðila hópsins utan eða milli funda skulu vera rekjanleg í formi tölvupósta og skal ávallt senda afrit af slíkum póstum til tilsjónarmanns.

8. gr.
Upplýsingaskipti

Aðilum er einungis heimilt að skiptast á upplýsingum sem skipta máli við uppbyggingu og starfrækslu þeirra úrlausna sem unnið er að á grundvelli verkefnisins. Aðilum að samstarfinu er óheimilt að eiga með sér upplýsingaskipti um viðkvæm viðskiptaleg atriði, s.s. verð, tekjur, framlegð, áætlaðan fjölda notenda, efni viðskiptasamninga eða viðskiptaáætlanir. Ekki skal heldur skiptast á tæknilegum upplýsingum umfram það sem þarf fyrir samnýtingu aðstöðu.

Óheimilt er að miðla upplýsingum sem veittar eru milli aðila vegna verkefnisins til sviða/deilda innan fyrirtækjanna sem ekki taka beinan þátt í verkefninu.

Skrá skal allar upplýsingar sem aðilar miðla sín á milli í fundargerð.

9. gr.
Tilsjónarmaður

Fjarskiptastofa skipar tilsjónarmann með verkefninu. Hann skal vera upplýstur um eða vera þátttakandi í samskiptum og viðræðum aðila á vettvangi verkefnisins. Þá skal tilsjónarmaður sitja alla fundi aðila vegna verkefnisins. Aðkoma hans skal m.a. fela í sér að halda skrá um samskipti, taka niður fundargerðir og hafa milligöngu um miðlun upplýsinga.

Tilsjónarmaður hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum og getur sett fram leiðbeinandi tilmæli varðandi tilhögun verkefnisins í þeim tilgangi að stuðla að samræmi aðgerða við skilyrði tíðnileyfa og markmið þeirra.

10. gr.
Upplýsingagjöf til Fjarskiptastofu

Fundargerðir, samskiptaskrá og yfirlit yfir miðluð gögn skulu vera aðgengileg FST ef óskað er eftir.

Skylt er að tilkynna FST;

- a. ef forsendur fjarskiptafyrirtækjanna fyrir samstarfi breytast.
- b. öll frávik frá reglum þessum
- c. skipan fulltrúa í vinnuhóp og breytingar sem kunna að verða þar á

11. gr.
Úrlausn ágreinings

Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara reglna, eða framkvæmd verkefnisins er aðila heimilt að vísa ágreiningi til FST, sem getur eftir atvikum leitað sátta, sett fram tillögur um framkvæmd eða skorið úr ágreiningi með ákvörðun skv. 16. gr. laga um Fjarskiptastofu nr. 75/2021.

12. gr.
Skuldbingargildi

Reglur þessar eru skuldbindandi fyrir aðila sem tilgreindir eru í 1. gr. og fyrirsvarsmenn þeirra samþykka að undirgangast þær með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. 9..2022

F.h. Neyðarlínunnar ohf.

Þórhallur Ólafsson

F.h. Öryggisfjarskipta ehf.

Þórhallur Ólafsson

F.h. Nova hf.

Margrét Björk Tryggvadóttir

F.h. Símans

Orri Hauksson

F.h. Sýnar hf.

Heiðar Guðjónsson